

## „Viðbrögin voru alveg stórkostleg“



12

Hluti flytjenda sátt og sæl eftir stórkostlega 40 ára afmælistónleika Lúðrasveitar Þorlákshafnar sem fram fóru í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar sl. laugardag. Nánar er fjallað um tónleikana á bls. 12.

### Sr. Óskar skipaður prófastur í Suðurprófastdæmi

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli hefur verið skipaður prófastur í Suðurprófastdæmi frá 1. nóvember næstkomandi.



Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, hefur gegnt prófastsstörfum síðan 1. september árið 2003, þegar hún var skipuð prófastur í Rangárvallaprófastsdæmi og síðar Suðurprófastsdæmi.

Sr. Óskar er fæddur þann 24. mars árið 1973. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni árið 1993 og cand. theol. frá Háskóla Íslands árið 1999 og sótti síðan nám í uppeldis- og kennslufræði við sama skóla árin 1999-2001.

Hann var skipaður sóknarprestur í Ólafsvíkuprestakalli frá 1. febrúar árið 2000 og vígðist síðar sama mánuð. Hann sinnti aukapjónustu í Ingjaldshólsprestakalli í september árið 2000, var svo skipaður prestur í

Akureyrarprestskalli árið 2005 og þjónaði þar til ársins 2008, þá var hann skipaður prestur í Selfossprestakalli árið 2009 og sinnti því til ársins 2014, er hann var skipaður sóknarprestur í Hrunaprestakalli.

Sr. Óskar lauk MA-prófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands í samstarfi við Háskólann á Akureyri vorið 2008. Þá hefur hann sinnt ýmsum félags- og trúnaðarstörfum, setið í stjórn Prestafélags Suðurlands og verið kjarmála-

fulltrúi Prestafélags Íslands eitt kjörtímabil.

Sr. Óskar situr í stjórn Skálholts og hefur setið í stjórn héraðsnefndar prófastsdæmisins síðastliðið ár og er í stjórn Sauðfjárræktarfélagss Hrunanna. Eiginkona sr. Óskars er Elín Una Jónsdóttir, íslenskukennari við Menntaskólann að Laugarvatni. Þau eiga þrjú börn, Helgu Margréti, sem fædd er árið 2001, Óskar Snorra, sem er fæddur árið 2004 og Elínbjörta Edda sem er fædd árið 2013.

### Breyttur útgáfudagur í næstu viku

Sumardagurinn fyrsti er fimmtudagurinn 25. apríl og kemur Dagskráin því út á miðvikudeginum 24. apríl í næstu viku. Skil á efni og auglýsingum er fyrir hádegi mánudaginn 22. apríl.



## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

 Toyota  
Selfossi



Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000





# Sendibílar á Suðurlandi



**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)



**Stjórnendafélag Suðurlands heldur aðalfund á Hótel Selfossi þriðjudaginn 23. apríl nk. kl. 19:00.**

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Sameining félaga
- Fulltrúi frá Símenntun Háskólans á Akureyri
- Fulltrúi frá Sambandi stjórnendafélaga
- Vignir Guðjónsson verður með kynningu á áfangna 2 Miðbæ Selfoss

Matur í boði félagsins í upphafi fundar  
**Stjórnin**



## Eyjapistlarnir ógleymanlegu á Selfossi, tónleikadagskrá með Eyjalögum

Hljómsveit Gísla Helgasonar, Föruneyti GH, var fengin til að halda tónleika í Eldheimum í Vestmannaeyjum þegar 50 ár voru liðin frá eldgosinu á Heimaey. Tónleikadagskráin var frumflutt á goslokahtíð í júlí árið 2023 fyrir þéttsetnum sal þar sem færri komust að en vildu. Þráðist það út í að auk tónleika voru flutt brot úr Eyjapistlum sem þeir tvíburabræður Arnþór og Gísli Helgasynir sáu um í Ríkisútvarpinu á meðan á Heimaeyjargosinu stóð.

Tónleikadagskráin hlaut styrk frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga til tónleikahalds á Selfossi og klukkan 20 þann 19. apríl næstkomandi stígur Gísli, ásamt fríðu föruneyti, á stökk á Sviðinu en auk Gísla koma fram Herdís Hallvarðsdóttir, Þórarinn Ólason, Magnús R. Einarsson, Hafsteinn Guðfinnsson, Sigurmundur G. Einarsson, Unnur Ólafsdóttir og Grímur Þór Gíslason.

### Samsöngur og sögulegar heimildir í bland

Eyjapistlar voru á dagskrá RÚV frá febrúar 1973 til marsloka árið eftir. Af 260 þáttum sem samtals voru um 90 klst. hafa um 80 þættir varðveist. Í bland við þekkt Eyjalög, gömul og ný, sem allir ættu að geta tekið

rækilega undir, verða á þessum tónleikum flutt brot úr nokkrum þessara útvarpsþátta. Á sínum tíma var tilgangur þáttastjórnendanna Arnþórs og Gísla Helgasona að vera upplýsingaveita fyrir Vestmannaeyinga á meðan á gosinu stóð. Fólk gat auglýst eftir týndum munum og komið tilkynningum af ýmsu tagi til samlanda sinna. Jafnframt var reynt að halda uppi léttleika í þáttunum og endurspeglu mannlífið eins og það var á meðal Vestmannaeyinga. Ljóst er að þarna er afar góð heimild um þennan atburð í sögu þjóðarinnar, en nóttina sem gosið hófst flúðu um 5200 manns heimili sín.

Gísli er góður sögumaður, og það, ásamt hljóðbrotum úr þáttunum, vakti bæði kátinu og gamlar tilfinningar, þá sér í lagi hjá þeim sem þarna könnuðust við sjálf sig frá því fyrir rúmum fimmtíu árum, en nokkur viðtalanna voru einmitt við börn.

### Ruddu brautina fyrir blinda og sjónskerta eftir erfitt upphaf

Þeir Arnþór og Gísli eru fæddir í Vestmannaeyjum og ólust þar upp. Fljótlega kom í ljós að þeir voru mjög sjónskertir. Þeir voru sendir í Blindraskólann í Reykjavík, ári of seint því að einn bróðir þeirra lést úr hvít-

blæði og barðist lengi við sjúkdóm sinn. Það setti mikið mark á fjölskylduna.

Þeir bræður voru fjóra vetur í Reykjavík en luku svo fullnaðarprófi frá Barnaskóla Vestmannaeyja og síðar landsprófi. Þeir fóru í Menntaskólann í Reykjavík og voru fyrstir blindra og sjónskertra nemenda að ljúka stúdentsprófi. Síðar lauk Arnþór háskólaprófi.

### 120 tónleikar á tveimur sumrum

Þegar þeir voru 14 ára gamlir var haft samband við bræðurna af Hjalparsjóði æskufólks og þeir beðnir að ferðast um landið og halda tónleika. Þetta voru sumurin 1966-67 og héldu þeir alls um 120 tónleika þessi tvö sumur. Arnþór lék á rafmagnsorgel og Gísli á blokkflautu. Þegar þeir bræður hófu svo háskólanám og gosið í Heimaey hófst, voru þeir skikkaðir til þess að sjá um þáttinn Eyjapistil.

Gísli lærði á blokkflautu hjá Oddgeiri Kristjánssyni og síðar hjá Camillu Söderberg. Hann er einn af fáum mönnum í heiminum sem hefur leikið aðallega léttu tónlist og helgað sig þessu hljóðfæri. Sagt er að hann hafi einstakan tón á blokkflautuna.

Miðasala er hafin á [tix.is](#)




**HÓTEL GRÍMSBÖRGIR**  
BY KEAHOTELS

## YFIRÞERNA Á FLOTTU HÓTELI

Langar þig að vera leiðtogi í fjölbreyttu starfi?

Hótel Grímsborgir leitast að öflugum leiðtoga í herbergisþrif. sem hefur yfirumsjón með daglegum þrifum og viðhaldi á hótelinu, bæði á herbergjum, sameiginlegum rýmum og útsvæðum. Hótelíð samanstendur af 20 húsum og er með 9 mismunandi herbergis/íbúða tegundum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Sjá til þess að gestir hótelsins upplifi fullkomið hreinlæti og viðhald
- Gerð vaktaplana, ráðning og þjálfun starfsfólks
- Skipuleggja dagleg þrif, stórþrif og skipuleggja innkaup
- Fylgja gildandi stöðlum er varða heilbrigði og öryggi

**Hæfniskröfur**

- Hafa reynslu af herbergja þrifum og stjórnun
- Framúrskarandi hæfni í skipulagningu og mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, leiðtogaþæfileikar, sjálfstæði í starfi og geta til að hvetja aðra starfsmenn áfram
- Geta unnið um helgar og á almennum frídögum, gerist þess þórf
- Góð íslensku- og ensku kunnátata er skilyrði

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á: [helgag@keahotels.is](mailto:helgag@keahotels.is)

## Breytingar á skrifstofu VR á Suðurlandi

Guðmundur Gils Einarsson, fyrrum formaður deildar VR á Suðurlandi, hefur nú látið af störfum hjá félaginu. Er Guðmundi Gils þökkúð góð störf í þágu félagsins.

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir tók við formennsku eftir síðasta

ársfund deildarinnar. Þá hefur deild VR á Suðurlandi borist liðsauki á þjónustusviði félagsins en Anna Karen Skúladóttir hóf störf þar í janúar sl. Meðal verkefna hennar eru afgreiðsla styrkja úr starfsmenntasjóðum sem félagið á aðild að. VR



**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

# GLEÐILEGT SUMAR!

**-20%**  
**AF ÖLLUM REIÐHJÓLUM\***

á ekki við um rafmagnshjól

## HJÓLA-DAGAR

Tilboð gilda frá 18. - 28. apríl



**SKANNAÐU KÓÐANN OG SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN**

á [www.byko.is](http://www.byko.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur og/óða myndabrengl.

# Karلاكór Selfoss syngur inn sumarið Sungið á sumardaginn fyrsta í 59 ár

Það er 59 ára gömul hefð fyrir vortónleikum Karلاكórs Selfoss á sumardaginn fyrsta. Og nú, þegar hillir undir lok á til-  
tölulega þægilegum vetri, boða kórfélagar til tónleika í Selfoss-  
kirkju að kvöldi sumardagsins fyrsta, þann 25. apríl, kl. 20:00. A æfingum í vetur hafa um 60-70 félagar mætt á hverju mánu-  
dagskvöldi, og auðvitað hefur kórin komið fram við ýmis tækifæri. Má nefna að Karلاكór Selfoss tók þátt í veglegum 40 ára stórtónleikum Lúðrasveitar Þorlákshafnar 13. apríl sl. og svo hefur kórin sungið við ófáar jarðarfari á liðnum vetri.

Snemma síðastliðið haust var kynnt fyrir kórfélagum metnaðarfull söngragskrá sem tekur m.a. mið af fyrirhugaðri söngferð Karلاكórs Selfoss til Salzburg í Austurríki í sumar. Meðal laga sem tengjast Austurríkisferðinni má nefna *Dóna svo blá*, *Alparós og Vín, Vín, þú að-*



Karلاكór Selfoss vorið 2024.

*eins ein.* Og meðal nýrra verka sem kórin hefur æft í vetur er lagði *Borgin við ána* þar sem Valgeir Guðjónsson er höfundur bæði laga og texta. Auðvitað eru svo einnig hefðbundin ramm-ís-lensk karلاكórsög á dagskránni.

Þeir eru sem fyrr í fararbroddi Skarphéðinn Þór Hjartarson stjórnandi kórsins og Jón Bjarnason píanóleikari, en samstarfið við þá féлага hefur gengið vel undanfarin ár.

Sem fyrr segir verða tóleikar haldnir í Selfoskirkju á sumardaginn fyrsta og síðan verða tónleikar nr. 2 haldnir í Selfoskirkju þriðjudaginn 30. apríl kl. 20:00 og svo verður sungið í Fella- og Hólakirkju í Reykjavík fimmtudaginn 2. maí kl. 20:00. Lokatónleikar þetta vorið verða laugardaginn 4. maí í Skálholtsdómkirkju kl. 17:00.

Aðgöngumiðaverð er 4000 kr.. VBr.

## Lög Tom Jones, Skálmaldar og Presley í Hvolnum á laugardag

Karلاكór Rangæinga stendur fyrir vortónleikum í Hvolnum kl. 20. laugardaginn 20. apríl nk.

„Árlegt vortónleikaferðalag kórsins er byrjað, við hófum leikinn í Leikskálum í Vík í síðustu viku, svo í Selfoskirkju í gær, verðum í Áskirkju í Reykjavík í kvöld og sláum botninn í tunnu með tónleikum heima í Hvolnum á laugardaginn, 20. apríl. Þessir tónleikar verða með öðru sniði en við erum vanir. Í haust tók við kórnum nýr kórstjóri, Stefán Þorleifsson, sem

kom inn með nýjar áherslur og í dag má segja að þetta verði hálfgerðir popptónleikar karلاكórsins. Meðal annars syngjum við lög eftir Jónas Sig, Presley, Tom Jones, Skálmöld og Magga Eiríks svo þetta er mjög fjölbreytt og mega gestir búast við góðri stemningu. Við verðum með góða hljómsveit og virkilega fjölbreytt lagaval. Það er orðið töluvert af ungum mönnum í kórnum og nokkrir þeirra syngja einsöng, allir virkilega flottir strákar í kringum tvítugt,“ segir Erlendur Árnason, formaður

kórsins í samtali við Dagskrána. Einsöngvaramirnir eru fjórir, Hróbjartur Heiðar Ómarsson, Bragi Þór Hansson, Sigurður Matthías Sigurðarson og Sveinn Skúli Jónsson. Hljómsveit kórsins skipa þeir Sveinn Pálsson á gítar, Stefán Ingimar Þorhallsson á trommur, Árni Óla á bassa og Stefán Þorleifsson, nýr stjórnandi kórsins á hljómborð.

Miðasala á alla tónleikana fer fram við dyr og verður posi á staðnum og betra að mæta fyrr en seinna til að tryggja sér gott sæti.



Ljósmynd: Aðsend.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-hóf:  
Páll Jónsson  
Útg. Bókafélagið HÓLAR

Er á skeifu undir hóf,  
út með tvo er kraftur.  
Brim sem er með brot og kóf,  
í breiða dyngju snjónum skóf.

Svar við gátu í blaði 2747: **SKOLLI**  
3. Nú er **skollinn** laus  
4. Kinkar (**s**)kollí



Takk kærlega Júlíana fyrir þessa óvæntu gleði að skora á mig sem matgæðing vikunnar.

Ég leitaði til minnar kæru frænku og fékk uppskrift hennar að láni, þetta er ein sú besta pizza sem ég hef smakkað og mæli ég með að þið prófið.

### Pizza ala Elsa

1 bolli vatn  
2 ½ tsk. þurrger  
1 tsk. sykur  
1 tsk. salt  
1 msk. olía  
2-3 bollar hveiti

Volgt vatn, þurrger og sykur sett í skál og látið bíða í 10-15 mín.

Þá er olían, saltið og hveitið sett saman við. Varast að setja of mikið hveiti, betra að hafa deigið örlítið blautara. Láta hefast í 30 mín. Eftir að deigið hefur hefast er það hnoðað og meira hveiti bætt úti ef þarf. Deigið er því næst flatt út og sett á ofnplötu, þessi uppskrift passar fyrir stóra ofnskúffu.

### Ofan á pizzuna

BBQ-sósa að eigin vali og ekki spara hana  
Rifinn ostur (Gott að setja ostinn undir áleggjið)  
Niðurrifinn kjúklingur  
Sveppir  
Paprika  
Bacon (forsteikt)  
Rjómaostur

Ég ætla að skora á Elsu Þorgilsdóttur uppáhalds frænku mína til að galdra fram næstu uppskrift. Þar verðið þið ekki svikinn.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Einnig er gott að setja rifinn ost aftur yfir og jafnvel smá piparost til að gera þetta bragðmeira.

Hér er hægt að láta ímyndunaraflíð ráða og setja hvað sem er á pizzuna en lykilálegginn eru BBQ-sósan og kjúklingurinn.

Bakað í ofni á 200 gráðum eða þar til botn er bakaður og ostur og álegg hafa fengið á sig fallegan lit. Tekur um 20-30 mín.

Rétt áður en pizzan er tekin úr ofninum er gott að strá muldu Doritos snakki yfir, þann lit af poka sem þér finnst bestur og setja einnig aðeins meiri BBQ-sósu yfir.

Svo er bara að njóta með stóru glasi af þínu uppáhalds í.

Ég mæli svo með ferð í næstu ísbúð og fá sér bragðaref með nutella, hlaupperlum og oreokexi.

## Skólakynningar VR á Suðurlandi gengið vel

VR hefur staðið fyrir skólakynningum á réttindum og skyldum fyrir unglina í grunn- og framhaldsskólum um árabil. Kynningunum hefur verið vel tekið og hefur aukinn áhugi skólanna skilað sér inn til VR.

Í kynningunum heimsækja fulltrúar frá VR skólana og fara yfir hvernig stéttarfélagin vinna í þágu félagsfólks, hvernig

skipting stéttarfélaga er milli starfsgreina og hverjar skyldur þeirra séu gagnvart atvinnurekanda.

Kynningin er skemmtilega uppsett bæði í rituðu máli sem og leiknum myndböndum þar sem Jón Gnarr fer á kostum.

VR þakkar fyrir góðar mót-tökur allra aðila og fjórugar um-ræður nemenda. VR





Forsetakosningar  
1. júní 2024

**Sigríður Hrund**  
Veljum  
fjölbreyttar  
raddir



Mæltu með mér  
Veittu mér brautargengi



[www.sigridurhrund.is](http://www.sigridurhrund.is)

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



# Ársfundur 2024

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs verður haldinn  
á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28,  
mánudaginn 6. maí 2024 og hefst kl. 18.

## Dagskrá fundar:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

## Í stjórn sjóðsins eru:

Kristín Magnúsdóttir, formaður  
Eyrún Jana Sigurðardóttir, varaformaður  
Sigurður Ólafsson  
Silja Eyrún Steingrímsdóttir  
Örvar Ólafsson  
Pór Hreinsson

## Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson

	2023	2022
<b>Breytingar á hreinni eign:</b>		
Iðgjöld	16.448	14.195
Lífeyrir	-7.480	-6.050
Hreinar fjárfestingatekjur	19.714	-3.242
Rekstrarkostnaður	-456	-423
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>28.227</b>	<b>4.480</b>
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>	<b>251.987</b>	<b>247.507</b>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	<b>280.214</b>	<b>251.987</b>

	2023	2022
<b>Efnahagsreikningur:</b>		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	146.295	135.892
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	126.540	110.479
<b>Fjárfestingar</b>	<b>272.834</b>	<b>246.371</b>
Kröfur	3.198	2.141
Innlán og aðrar eignir	4.347	3.597
Viðskiptaskuldir	-166	-121
<b>Annað</b>	<b>7.380</b>	<b>5.617</b>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	<b>280.214</b>	<b>251.988</b>

	2023	2022
<b>Ýmsar kennitölur</b>		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	7.5%	-1.4%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	-0.5%	-9.8%
Hrein raunávöxtun meðaltal síðustu fimm ára	3.7%	4.3%
Hrein raunávöxtun meðaltal síðustu tíu ára	4.2%	4.8%
Tryggingafræðileg staða	-4.4%	-4.6%

\* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opin öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á [festa@festa.is](mailto:festa@festa.is) í síðasta lagi kl. 12 á aðalfundardegi og fá þá uppgefna slóð til að tengjast.

## Ávöxtun séreignardeildar 2023

Hrein eign séreignardeildar nam 1.477 milljónum króna í árslok 2023, þ.a. námu eignir sparnaðarleiddar II 1.326 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiddar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam 2,74% eða -4,88% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleidd II skilaði 11,22% í hreina nafnávöxtun eða 2,97% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiddar II undanfarin tíu ár er 2,49%.

**FESTA** LÍFEYRISSJÓÐUR

Sameinaður Lífeyrissjóður Suðurlands, Suðurnesja og Vesturlands

Sími: 420 2100 - netfang: [festa@festa.is](mailto:festa@festa.is)



**HÓTEL GRÍMSBORGIR**  
BY KEAHOTELS



**MATREIÐSLUMADUR Á HÓTEL GRÍMSBORGUM**

Ertu að leita þér að fjölbreyttu starfi?

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón, skipulagning og þátttaka í matreiðslu og bakstri
- Frágangur og geymsla á matvælum
- Þátttaka í þjálfun starfsfólks í eldhúsi
- Vinna með öðrum deildum innan hótelsins við þjónustu gesta
- Aðkoma með birgðarhaldi í eldhúsi, pöntunum og frágang hráefna

**Hæfniskröfur**

- Menntun í matreiðslu skilyrði
- Góð færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, stundvísi & þjónustulund
- Frumkvæði, nákvæmni, sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Vera fær um að matreiða á la carte jafnt sem hópamatseðil
- Enskukunnátta er skilyrði – íslenskukunnátta er mikill kostur

Umsóknafrestur er til 29. apríl

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á: [helgag@keahotels.is](mailto:helgag@keahotels.is)

## Ég á mér þann ósið að klára ekki að lesa bækur segir lestrarhesturinn Vala Hauks

Vala Hauks býr á Selfossi með Atla Páls, þyrlluflugmanni og börnunum þeirra tveimur, Ísari og Öldu. Vala starfar hjá Markaðsstofu Suðurlands og stundar einnig meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands. Hún hefur starfað í tengslum við ferðaþjónustu í rúman áratug en er nýskriðin út úr skelinni sem skáld, eftir að hún hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör, í janúar 2024. Hennar helstu yrkis- og hugðarefni eru náttúran, landsbyggðamenning og svo hversdagsleikinn, sem henni þykir allt of vanmetinn í nútíma samfélagi.

### Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Ljóðabókatvenna Gyrðis Elíassonar, Dulstirni og Á meðan glerið sefur, er lesin yfir kaffibollanum þessa dagana enda eru þar ótal konfektmolur sem ég get lesið aftur og aftur. Ég er að klára barnabókapríleikinn Normasaga eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur fyrir son minn, en höfundurinn er einmitt kennarinn minn í barnabókaskrifum í háskólanum. Þessar bækur hafa vakið áhuga sonarins á rúnum og Völuspá. Þá kemur sér vel að við eigum barnaútgáfu af Völuspá eftir Þórarín Eldjárn, myndlýsta af Kristínu Rögnu svo nú erum við byrjuð að lesa hana líka. Svo er það skólalesturinn þar sem ég er þessa vikuna að „Fást“ við Goethe. Þegar ég fæ tíma í hljóðbókalestur hlusta ég á The Great Alone eftir Kristín Hannah, eftir að mamma mælti með henni. Það má alltaf treysta á bókaraðleggingar frá mömmu.

### Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Þó annað megi virðast, er ég ekki mikill lestrarhestur, það er, ég les ekki mikið af skáldsögum

alla jafna. Ég er miklu frekar grúskari. Uppáhalds bækurnar mínar eru gamlar ferðabækur á borð við Ferðabók Eggerts og Bjarna og sannsögur (e. Creative non-fiction).

### Ertu alin upp við bóklestur?

Mamma las mikið fyrir mig og það sem situr mest eftir eru bækurnar eftir Enid Blyton, J.K.Rowling, Guðrínu Helga dóttur og Isabel Allende. Þegar pabbi las fyrir mig valdi hann gjarnan eitthvað sem var aðeins út fyrir barnabóka rammann. Hann las til dæmis fyrir mig smásögur eftir Gyrði Elíasson og Jorge Luis Borges, grískar goðsögur og Hobbitann. Við átum líka góðar stundir saman við að lesa Blíðfinn. Ég sé það núna að þau hafa ómeðvitað skipt á milli sín karlkyns og kvenkyns rithöfundum. Ég las líka mikið sjálf og mín uppáhalds bók úr æsku er Ferðin til Samiraka eftir Hörpu Jónsdóttur.

### Er eitthvað sem einkennir lestrarvenjur þínar?

Ég á mér þann ósið að klára helst ekki bækur. Mér er bara alveg skítsama um söguþráðinn. Ég les til að njóta orðanna, stemningarinnar og persónanna. Þá sjaldan ég klára bækur verð ég ídulega ósátt í lokin svo mér finnst betra að leyfa bókinni að njóta vafans. Gallinn er að nú þegar ég ætla að verða rithöfundur hef ég ekki hugmynd um hvernig eigi að enda bækur.

### Áttu þér uppáhaldshöfund?

Ætli Sigurður Pálsson sé ekki minn uppáhalds rithöfundur. Ljóðin hans tala til mín og þegar ég les sjálfsævisögur hans lifi ég mig svo inn í þær að mér finnst ég bara vera Sigurður Pálsson. Mér finnst við eiga einhverja



óútskýranlega andlega tengingu en líklega upplifa flestir aðdáendur hans þessa sömu tilfinningu. Hann var bara svona flinkur.

### Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Einu bækurnar sem hafa rænt mig svefni eru þær sem ég á óskrifaðar. Hugurinn er frjóastur einmitt þegar ég er sem þreyttust og stundum þarf ég að skrifa hugmyndirnar niður í bók sem ég geymi í náttborðinu bara til að fá svefnfrið.

### En að lokum Vala, hvernig bækur ætlar þú að skrifa sem rithöfundur?

Ég er í meistaranámi sem gengur út á það að finna svarið við þessari spurningu. Áhugaverðasta hrósið sem ég hef fengið í skólanum hingað til var að ég væri góð í að skrifa um „sammanleggan hversdagsleika“. Það kom mér á óvart og gaf mér nýja sýn á hvert ég gæti stefnt með skrifin. Ég hef víst sagt í ríkisútvarpi og sjónvarpi að ég ætli að gefa út ljóðabók á næstunni, sjáum til hvenær ég verð nógu ánægð með handritið. Í háskólanum er ég svo að vinna byrjunina á ævintýri fyrir börn. Ég ætla ekki að lofa enn einni bókinni í fjölmiðlum landsins en vonandi fá fleiri börn en mín að njóta sögunnar einn daginn.

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!

## Þematónleikar Tónlistarskóla Árnesinga

Laugardaginn 20. apríl stendur Tónlistarskóli Árnesinga fyrir skemmtilegum tónleikadegi á fjórum stöðum í Árnessýslu:

Í hátíðarsal **Stekkjaskóla**, Selfossi kl. 10:00, 12:30 og 15:00

**Skálholtskirkju** kl. 10:00

**Porlákaskirkju** kl. 12:30

**Hveragerðiskirkju** kl. 15:00

Þema tónleikanna er *Eurovisiontónlist*. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis. Verið öll hjartanlega velkomin!

**TÓNLISTARSKÓLI**  
**ÁRNESINGA**



## Ný veður- og upplýsingaskilti Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur sett upp tvö ný veður- og upplýsingaskilti undir Ingólfsfjalli, annað við hringtorgið inn á Selfoss og hitt við Biskupstungnabraut. Á skiltunum eru allajafna birtar upplýsingar um veður, þ.e. vindátt, vindhraða og hitastig. Einnig kemur fram frá hvaða veðurstöð upplýsingarnar eru fengnar. Fari vindhviður yfir 15m/sek birtast einnig upplýsingar um það.

Hægt er að koma öðrum skilaboðum til vegfarenda ef þörf reynist á því, svo sem aðvaranir eða upplýsingar um lokanir. Skiltin eru tengd miðlægu

stjórnkerfi í vaktstöð Vegagerðarinnar sem er með þau í vöktum og stjórnar þeim.

Til stendur að setja upp fleiri skilti af þessu tagi á næstunni,

eða á Hringvegi við Kotströnd milli Hveragerðis og Selfoss, í Refasveit við Blönduós og við Reykjanesbraut.



# Draumar, konur & brauð

Ný íslensk kvikmynd, Draumar, konur & brauð, verður frumsýnd í Bíó Paradís laugardaginn 20. apríl nk. klukkan 15.

Myndin, sem er fyrsta bíómynd Sigrúnar Völu Valgeirsdóttur og Svanlaugar Jóhannsdóttur, dansar á línu heimildamyndar og leikinnar bíómyndar. Hún fjallar í grunninn um drauma og dagdrauma kvenna sem reka kaffihús á landsbyggðinni. Áhorfandinn er tekinn með í ævintýrarikt ferðalag um Ísland, þar sem hlýlegur húmor og töfrandi tónlist tvinnast við ferðalag tveggja kvenna, þjóðsögur og minni í anda töfraraunsæis. Sigrún og Svanlaug skrifa handrit og leikstýra jafnframt.

Aðaltökur fóru fram í byrjun sumars 2023 í fimm landshlutum með íslensk-egyptsku tókuliði. Tökum lauk í janúar 2024 og þá með íslenski áhöfn. Lena Nassana og Jón Már Gunnarsson stjórnuðu upptökum en Jón Már sér jafnframt um brellur. Lína Thoroddsen er klippari.

## Óvænt hringferð um Ísland

Myndin segir frá því þegar Svana, listakona (Svanlaug Jóhannsdóttir) og Agnes, líffræðingur (Agnes Eydal), hittast á litla sveitakaffihúsinu við víkina og fara óvænt saman í hringferð um Ísland. Svana leitar leiða til að bjarga listamannsferli sínum

en Agnes þarf að sækja dýrmætt uppsjávarsýni í Neskaupstað. Róstur listakonunnar og kæruleysi kemur Agnesi í vanda sem hún leysir að lokum á máta sem henni hefði ekki hugkvæmst að hún ætti til.

Í gegnum ferðina og leikritaskrif Svönu kynnumst við kaffihúsakonunum Heiðu Björg Scheving, Gamla Fjosi undir Eyjafjöllum, Sigríði Þórbjörgu Vilhjálmsdóttur, Kaffi Nesbæ, Neskaupstað, Friðu Björk Gylfadóttur, Frida Chocolate Siglufríði, mæðgunum Guðrúnu Fjólu Kristjánsdóttur og Sigríði Hafliðadóttur, Kaffi Litlabæ í Skötufríði og Ólínu Gunnlaugsdóttur, samkomuhúsinu Arnarstapa í Snæfellsbæ. Við skygnumst inn í kaffihúsa- og veitingareksturinn, líf þeirra og drauma.



Sigríður Þórbjörg Vilhjálmsdóttir, fjölskylda og vinir fyrir framan kaffihúsið hennar Kaffi Nesbæ, Neskaupstað.

Á meðan á ferðinni stendur er Sigrún (Sigrún Vala) að stússa á litla kaffihúsinu og dreymir um að vinna kökukeppnina á sólstöðuhátíð sveitarinnar sem fer fram eftir viku. Agnes vill endilega hjálpa vinkonu sinni og reynir að finna fyrir hana uppskriftir á leiðinni. Milla frá Brekku (Júlía Hannam), formaður Menningarnefndar Reykjavíkurborgar, er heiðursgestur á hátíðinni og Svana vill endilega hitta á hana í lok hringferðinnar og sýna henni nýja leikritið sitt.

Hringferðin hefst í Fjöruhúsinu á Hellnum og endar á Sólstöðuhátíðinni í Samkomuhúsinu á Arnarstapa, þar sem allar konurnar koma saman til að taka þátt í keppninni.

## FRAMHALDSPRÓFSTÓNLEIKAR

Kristína G. Guðnadóttir lýkur framhaldsprófi í söng frá Tónlistarskóla Árnesinga með opinberum tónleikum í Selfosskirkju, 18. apríl kl. 18:00



Um meðleik sjá Ester Ólafsdóttir píanó og orgel, sönghópur, þverflautu- og strengjaleikarar.

Við hvetjum Sunnlendinga til að nýta sér þetta góða tækifæri til að hlýða á glæsilega tónleika, enda liggur mikil vinna að baki þegar kemur að útskrift frá skólanum.

Aðgangur að tónleikum er ókeypis - Verið öll hjartanlega velkomin!



Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is  
prentmetoddi.is  
Eyravegur 25, Selfoss



FÓÐURBLANDAN

...gæði í hverri gjöf!

## Sumarstarfsmaður í verslun

Við leitum að þjónustulundum starfsmanni í verslun Fóðurblöndunnar á Selfossi.

Um er að ræða sumarstarf með möguleika á framtíðarráðningu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn þjónusta og sala

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mikil þjónustulund og jákvæðni
- Góð almenn tölvukunnátta

Upplýsingar um starfið veitir:

Ágústa Kristín Hjaltadóttir  
agusta@fodur.is

Umsóknarfrestur er 25. apríl 2024



www.fodur.is  
fodur@fodur.is

FB Reykjavík  
Korngarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvolsvöllur  
Duftþaksbraut 1  
570 9850

SENDUM UM  
ALLT LAND

## Atvinnubrú brúar bilið milli háskóla og atvinnulífs

Síðustu vikur hefur Háskólafélag Suðurlands unnið að umgjörð utan um verkefnið atvinnubrú sem fór formlega í loftið á heimasíðu félagsins í síðustu viku. Verkefnið atvinnubrú snýr að því að efla og styrkja háskólasamfélagið á Suðurlandi með því að skapa vettvang fyrir samstarf milli háskólanemenda, atvinnurekenda og samfélagsins á Suðurlandi.

„Við höfum átt gott samtal við fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi og óskum eftir fleiri þátttakendum sem sjá hag sinn í því að taka þátt. Verkefnið er áhersluverkefni Sónarættunar Suðurlands 2024. Á undanföllum vikum höfum við unnið að því að skapa tengslanet sem kemur til með að nýtast sem gagnagrunnur fyrir þátttakendur í verkefninu. Við getum hjálpað nemendum í leit að rannsóknarverkefnum eða starfsnámi getum við komið þeim í tengsl við rétta aðila í sunnlensku atvinnulífi. Sama má segja um fyrirtæki og stofnanir, séu atvinnurekendur í leit að nemendum sem gætu sinnt starfsnámi, sumarnámi eða rannsóknum getum við aðstoðað við að tengja þá við háskólanema sem yfirfærir nýja þekkingu inn í atvinnulífið,“ segir Helga Kristín Sæbjörnsdóttir verkefnastjóri í samtali við Dagskrána.



Helga Kristín Sæbjörnsdóttir

Rík áhersla er lögð á samstarf og valdeflingu en ætlinin er að veita greiðari aðgang að framtíðar mannauði fyrir sunnlenskt atvinnulíf og skapa vettvang fyrir háskólanemendur til þess að efla starfshæfni samhliða og/eða eftir háskólanám. „Við sjáum mörg tækifæri hér á Suðurlandi og höfum fengið til liðs við okkur háskólasamfélagið sem sér mikla þörf fyrir vettvang af þessu tagi, sérstaklega fyrir háskólanemendur af landsbyggðinni og hvetjum ykkur til þess að kynna ykkur atvinnubrú betur á vef hfsu.is,“ segir Helga að lokum.

Fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa beint samand við Helgu Kristínu verkefnastjóra með því að senda póst á helga@hfsu.is.

## Óður til Ölfusár

Í síðustu viku fengum við sent lögvekjandi ljóð um Ölfusá, frá nemanda við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Vakti birting ljóðsins gleði hjá Benedikt Jóhannssyni en hann ólst upp í Stóru-Sandvík í Sandvíkurhreppi. Hann lærði ungur að meta feegur Ölfusár og sendi okkur hugljúfan texta um Ölfusá sem hann samdi við lag Vincent Scotto, Under The Bridges of Paris, til að vekja fólk enn frekar til vitundar um fegurð árinna og gildi hennar.

### Ölfusá

Blítt streymir Ölfusá yndi'er að mega sjá, úr Hvítá og Sogi hjá Selfossbæ sína leið rennur æ.

Við fjörugan fuglasöng finnast ei dægrin löng. Af nærgætni annast þeir ungana smáu, indælt er lífið hjá hreiðrunum lágu.

Í fjarlægð með fjallahring, fegurðin allt um kring, við búum og lofsyngjum land það og haf sem lífið og þróttinn gaf.

Benedikt Jóhannsson



Ljósmynd: Magnús Jóhannsson.

## Alviðra – athvarf skóla í náttúrunni

Vorið nálgast og náttúran fyllist af lífi. Útvera og náttúrukennt eru góðir samherjar. Fræðslusetrið í Alviðru býður upp á góða aðstöðu í lítilli kennslustofu í bæjarhúsinu og stórt athafnasvæði í hlöðunni. Þá veitir dagsdvöl í Alviðru aðgang að fjölbreyttri náttúru til að njóta og skoða. Hlíðar Ingólfsfjalls eru góð uppspretta fræðslu um jarðfræði. Sogið er kjörin uppspretta fræðslu um lífið í vatninu og þá fugla sem njóta þar lífsviðurværis. Öndverðarnesið allt er umvafið náttúrulegum birki-skógi og þar liggur gönguleið að mótum lindárinna Sogið og jökulárinna Hvítá. Blómskrúð er mikið og gróður fjölbreyttur til að njóta og greina þegar sumarið gengur í garð. Tæki og handbækur eru á staðnum til að styðja kennsluna. Hægt er að finna viðfangsefni sem passa mismunandi aldursskeiðum og efla börn til skilnings á gangi náttúrunnar. Fáeinar myndir fylgja þessu bréfi til skýringa.

Sjá einnig: <https://landvernd.is/alvidra/>

Alviðra hefur um áratuga skeið, með hléum þó, þjónað sem skóli í náttúrunni. Í ár verður aðstaðan í Alviðru opin fyrir skóla á tímabilinu 1. maí til 15. júní og frá 20. ágúst til 30. september. Við reynum að aðstoða kennara sem koma með bekkinn sinn með sjálfbodaliðum, en starfsemin ber því miður ekki fastan starfsmann. Reynt verður að aðstoða kennara við skipulag og að finna viðfangsefni

fyrir dagsferð. Gjald fyrir dags heimsókn er 25.000 kr. fyrir allt að 25 manna hóp, en hækkar hlutfallslega ef hópurinn er fjölmennari.

Þeir sem hafa hug á að nýta sér aðstöðuna í vor eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband eigi síðar en 15. apríl nk. Umsókn um aðstöðu sendist á netfangið [tryggvifel@gmail.com](mailto:tryggvifel@gmail.com).

Frekari upplýsingar veitir Tryggvi Felixson í síma 699 2682, [tryggvifel@gmail.com](mailto:tryggvifel@gmail.com)



## Hvað var gott við daginn í dag?

Getur verið að við séum ekki Gnægilega dugleg að gefa því góða í deginum gaum og næra okkur með jákvæðum tilfinningum?

Lífið er allskonar, fullt af gleði en einnig sorg og færir okkur ýmis verkefni í fang sem geta verið bæði stór, erfið og ósanngjörn. En eru til leiðir sem geta hjálpað í erfiðum aðstæðum?

Stutt er síðan byrjað var að rannsaka gildi jákvæðra tilfinninga. Jákvæðar tilfinningar eru mikilvægar því þær eru þægilegar, ánægjulegar, góðar fyrir heilsuna og jafn raunverulegar og neikvæðar tilfinningar. Jákvæðar tilfinningar auðvelda okkur að leysa vandamál, við verðum opnari fyrir tækifærum, eigum auðveldara með að tengj-

ast öðrum, og þær efla þrautseigu og hjartsýni.

Þrír góðir hlutir er æfing úr smiðju jákvæðu sálfræðinnar sem getur hjálpað okkur að sjá það góða í deginum, virkjað jákvæðar tilfinningar og aukið vellíðan. Æfingin gengur út á það að í lok dags er hugsað um þrjá góða hluti/atriði sem þú tókst þátt í og gerðu daginn skemmtilegan eða góðan. Þessi æfing er alveg tilvalin fyrir fjölskyldur að gera til dæmis við kvöldverðarmatarborðið, þá byrjar einn fjölskyldumeðlimur á að segja frá þrem góðum hlutum í sínum degi og svo tekur næsti við. Að þurfa að nefna þrjú atriði er mikilvægt því þá er verið að æfa sig í að sjá að hið daglega líf og hið hversdagslega er gott og skemmtilegt, og vægi



þess erfiða sem dagurinn bauð upp á verður minna.

Er ekki tilvalið að grípa boltann, æfa þrjá góða hluti, efla jákvæðar tilfinningar og auka vellíðan? Gangi ykkur vel.

Ester Þorvaldsdóttir, hjúkrunarfræðingur á HSU

## Vorstillur og sumarglennur „Spring calm and summer glitz“

Myndlistarfolk úr S-hópnum, einstaklingar sem hafa kynnst á námskeiðum hjá Stephen L. Stephen í Myndlistaskóla Kópavogs frá árinu 2020, standa fyrir málverkasýningu í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins í Hveragerði, Mánamörk 2 frá 13.-28. apríl nk.

„Vorstillur og Sumarglennur varð til fyrir tilviljun. Smári hús-vörður félagsheimilis Sjálfstæðisflokksins kom að máli við mig og spurði hvort ég þekkti ekki fólk sem hefði áhuga á að setja upp sýningu. Þannig kom það til að ég spurði nemendur Stephens L. Stephens í Myndlistarskóla Kópavogs hvort þeir vildu taka þátt og sýna málverk af gróðri

í víðum skilningi og í einhverri mynd, blóm, ávexti, gras, runna og kyrralífsmýndir,“ segir Árni Svavarsson, sýningarstjóri.

Sýningin verður opin á milli klukkan 14-18 helgarnar 13.-14. apríl, 19.-21. apríl og 25.-28. apríl.

Sýnendur eru þau Aðalbjörg Þórðardóttir, Airina Kvedaraite,

Árni Svavarsson, Bjarnveig Björnsdóttir, Bragi Einarsson, H. Kristjánz L (HKL), Ingi-björg Sverrisdóttir, Júlía Petra Andersen, Maja Loebell, Ruth Jensdóttir, Sigríður Dúa Goldsworthy, Stefánía Ósk Ómarsdóttir, Þórdís Þórðardóttir og Þórdís Zoëga.





# Arion í nýtt og glæsilegt húsnæði í Vík í Mýrdal

Glatt var á hjalla föstudaginn 22. mars þegar Arion banki flutti útibú sitt í Vík í Mýrdal í nýtt og glæsilegt húsnæði að Sléttuvegi 2.

Boðið var upp á kaffi og

kleinur í tilefni opunarinnar og lögðu fjölmargir íbúar í Vík, viðskiptavinir bankans og númerandi jafnt sem fyrrum starfsfólk, leið sína í útibúið af því tilefni.

Arion banki býður upp á sömu þjónustu og áður í nýja húsnæðinu og opnunartími útibúsins verður einnig sá sami eða alla virka daga frá kl. 12:00-15:30.



Hrund Jafetsdóttir starfsmaður Arion banka í Vík, Rakel Dögg Svæðisstjóri einstaklinga á Suðurlandi, María Birgisdóttir, Ásgerður Sveinsdóttir Forstöðumaður einstaklingsþjónustu Arion banka og Guðlaug Lilja Sævarsdóttir starfsmaður Arion banka í Vík.



Sigurður Ævar íbúi í Vík ásamt Svanhvíti (Nani) og Helgu Elsu sem störfuðu eitt sinn hjá Arion banka.



Þjónusturáðgjafar útibúsins í Vík, Guðlaug Lilja og Hrund ásamt Rakel Dögg Svæðisstjóra einstaklinga á Suðurlandi



Guðfinna (Rekstrarstjóri Arion banka) ásamt Ívari Pál Bjartmarssyni Slökkviliðsstjóra í Vík



María Birgisdóttir ásamt Svanhvíti Sveinsdóttir fyrri verandi stafsmanni Arion banka til fjölda ára



Rakel Dögg (Svæðisstjóri einstaklinga á Suðurlandi), Guðrún Svana Sigurjónsdóttir íbúi í Vík



Þórir Kjartansson íbúi í Vík, Rakel Dögg (Svæðisstjóri einstaklinga á Suðurlandi)



Siggeir Már Jensson (Læknir í Vík) og Guðný Guðnadóttir, íbúar í Vík

# Opið er fyrir tilnefningar til Foreldraverðlaunanna 2024

Foreldraverðlaunin eru veitt fyrir öflugt foreldrastarf eða verkefni sem sérstaklega stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla. Einnig er hægt að tilnefna einstaklinga sem Dugnaðarforka Heimilis og skóla.

Fólk er hvatt til að tilnefna verkefni í sínu nærumhverfi sem stuðlað hafa að góðu foreldrasamstarfi, bættum tengslum heimila og skóla og velferð nemenda eða einstaklinga sem hafa lagt sérlega mikið af mörkum í þágu nemenda og foreldra

og bent er á að verðug verkefni á öllum skólastigum eigi hrós skilið, þ.e. í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Mikilvægt er að vanda rökstuðning við tilnefninguna, en frestur til tilnefninga er til og með 2. maí næstkomandi og minnt er á að engin verkefni séu of lítil til að hljóta tilnefningu. Eyðublöð til tilnefninga má finna á [www.heimilioskoli.is](http://www.heimilioskoli.is).

HGL



## Heimili og skóli

Landssamtök foreldra

**VORHÁTÍÐ**  
Selfosskirkju  
21. APRÍL KL. 11:00

FJÖLSKYLDUGUÐSPJÓNUSTA  
ANDLITSMÁLUN  
PYLSUPARTY  
DANSPARTY  
RATLEIKUR  
FÖNDUR

BARNA- OG UNGLINGAKÓR  
SYNGUR OG GÓÐIR GESTIR  
ÚR TÓNLISTARSKÓLANUM  
LÍTA VIÐ



Samtal við þingmenn Viðreisnar

# HVAÐ LIGGUR ÞÉR Á HJARTA?

Hótel Selfoss  
Mánudaginn 22. apríl  
kl. 20:00



# Naglakólinn mætir á Selfoss

Magnetic naglakóli er staðsettur í Hafnarfirði en tveir kennarar við skólann, Anna Karen Vigdísardóttir og Lísa Gunnarsdóttir ætla að færa naglakólann yfir heiðina og bjóða sunnlendingum upp á diplómunámskeið í naglafræðum í Fjölheimum á Selfossi helgarnar 10.-12. maí og 31. maí – 2. júní nk. Blaðamaður Dagskrárinnar náði tali af þeim stöllum sem eru spenntar fyrir verkefninu.

Anna Karen útskrifaðist sem naglafræðingur árið 2007 og Lísa sléttum 10 árum síðar, árið 2017. „Ég fer alveg að komast á eftirlaun í faginu,“ segir Anna Karen og hlær. Eftir útskrift hafa þær báðar bætt við sig fjölbreyttu framhaldsnámi og kennsluréttindum og saman sjá þær um alla kennslu hjá skólanum, uppsetningu kennsluefnis, grunn- og framhaldsnámskeið, auk þess að sjá um heimasíðu og samfélagsmiðla fyrirtækisins, en Magnetic er einn stærsti innflytjandi á vörum og verkfærum fyrir naglafræðinga hér á landi. „Magnetic er eins og fjölskylda hér á Íslandi. Þetta er ótrúlega flott merki, allar vörur og framleiðsla kemur frá Hollandi, gæðastuðullinn er mjög hár og til að fá að kenna á þessi efni hérna heima þurfum við að fara út og mennta okkur hjá þeim. Okkur finnst það segja mikið um gæðin. Við erum 8 sem vinnum hjá Magnetic á Íslandi og yrðum ekki hissa á ef við færum ein af annarri að breytast í neglur, áhuginn er svo mikill. En það er sjúklega gaman að elska vinnuna sína,“ bætir Anna Karen við hlajandi.

Anna Karen og Lísa eru á einu máli um að naglafræðin hafi fangað hug þeirra allan. „Þetta hefur verið mitt áhugamál og vinna síðan ég var 18 ára. Ég hef aldrei séð eftir því að hafa farið í námið, enda hefur það hjálpað mér á svo mörgum tímabilum í mínu lífi. Þetta er hentug vinna með annarri vinnu og ég tala nú ekki um félagslegu hliðina. Við erum á Facebook, Instagram og svo finnst okkur

við stundum sjúklega fyndnar á tiktok,“ segir Anna Karen kímín.

En hvernig kom til að þær ákváðu koma með naglakólann á Selfoss? „Anna Karen kom með þessa hugmynd og við stukkum bara á hana. Við sáum okkur tækifæri til að koma til móts við landsbyggðina á Suðurlandi,“ segir Lísa. Anna Karen segir Selfosshjartað hennar slá fastar en hjá mörgum Selfyssingum og að þó hún hafi aldrei átt lögheimili þar, hafi hún samt alltaf að einhverju leyti átt heima þar. „Svo mig langaði bara að troða mér þar sem mér líður best. Að gera neglur og gera þær á Selfossi. Á tímabili fór ég einu sinni í mánuði og gerði neglur á Selfossi. Mér fannst það svo svakalega gaman. Helst hefði ég viljað búa svona 50/50 heima í Kópavogi og á Selfossi. Þessi hugmynd kom bara eitt kvöldið á leiðinni heim úr kennslu. Ég veit ekki hvort fólk kannist við tilfinninguna að það sé svo skemmtilegt að gera eitthvað að maður sé við það að springa, en þetta var ein af þeim stundum og ég fann bara að við urðum að fara á Selfoss. Og nú er það bara að verða að veruleika!“, segir Anna Karen og brosir út að eyrum.

Þær segja markmiðið með naglakólannum á Selfossi vera að koma til móts við sunnlendinga. „Þetta er draumur hjá mörgum sem hafa kannski ekki tök á því að keyra í bæinn, fólk sem er kannski ekki með bílpróf eða einfaldlega treystir sér ekki að keyra yfir heiðina,“ segir Lísa. „Við höfum verið með nemendur allstaðar að, og alveg nokkrir komið frá Suðurlandi og lagt það á sig að keyra í bæinn á námskeið. Nú ætlum við bara að færa okkur nær þeim sem vilja láta drauminn ræstast. Ég get alveg sett mig í spor þeirra sem finnst þetta spennandi en eru kannski ekki komin með bílpróf og geta ekki keyrt í bæinn til að sækja sér námskeið. Það er alveg klárlega vöntun á naglafræðingum á Suðurlandinu þar sem við sjálfar erum



Anna Karen Vigdísardóttir og Lísa Gunnarsdóttir, kennarar við Magnetic Naglakólann.

með viðskiptavinum sem koma í hverjum mánuði alla leið út í Hafnarfjörð í neglur, og þá er ég ekki einusinni að djúka. Ég sjálf er til dæmis með viðskiptavinum úr Eyjum og eina sem á heima fyrir utan Selfoss. Tryggir og traustir viðskiptavinir sem segir kannski að maður sé að gera eitthvað rétt,“ bætir Anna Karen við.

Þær hafa tekið á móti allri flórinni af nemendum á sínum kennsluferli, með ólíkum skoðanir og bakgrunn, þær eru samála um hvað þeim þykir gaman að kynast nýjum nemendum og hafa þær eignast margar dýrmætar vinkonur í gegnum kennsluna. „Við kenndum einu sinni frábærri konu á besta aldri sem átti frekar erfitt með námið í upphafi en brann fyrir því að ljúka því. Við unnum mikið með henni og pössuðum sérstaklega upp á hana þar sem hún þurfti svo mikið á því að halda. Hún var með rosalegan prófkviða og vafðist það mikið fyrir henni að þurfa að taka lokaprófið. Í lok síðasta tímans færðum við henni diplómu og óskuðum henni til

hamingju með að vera orðin naglafræðingur, hún hafði ómeðvitað verið í loka-prófi í síðasta tímanum og hafði staðist það. Hún brotnaði bara niður og grét, hún var svo glöð og trúði þessu alls ekki. Henni datt ekki í hug að hún væri í prófi og hvað þá að hún hefði náð því. Þetta er svona með eftirminnilegri atvikum sem ég man eftir þar sem þetta gaf okkur og henni svo mikið,“ segir Lísa brosandí.

Aðspurðar hvernig þær sjái naglakólann þróast segjast þær vilja fara eins langt og þær komist. „Við bindum vonir við að geta farið með skólann á Austur- og Vesturland en það verður auðvitað að svara kostnaði. Draumurinn er að geta kennt eins mörgum og vilja fá okkur. Við höfum verið með nokkra skóla á Akureyri en við viljum líka bjóða öðrum á landinu upp á okkar þjónustu líka og varð Selfoss fyrst á listanum. Mögulega verður þetta að fóstum liði hjá okkur og við komum reglulega með skólann á Selfoss, hver veit?“, segir Lísa og yppir öxlum. „Það er alltaf hugsunin að stækka. En að sjálfsögðu viljum við frekar að gæðin séu ofar og það er það sem við erum að hugsa í dag. Það að dóttir mín og vinkonur hennar segist vilja verða eins og ég þegar þær verði stórar hvetur mig áfram og gefur mér hlýtt í „naglahjartað“, en okkur þykir mikilvægt að nýta okkar vettvang til að fræða unga einstaklinga um fagið og fara djúpt í hlutina. Við viljum reyna okkar allra besta til að upplýsa, kenna þeim að passa upp á neglurnar sínar og halda sig fjarri offramboðinu af skaðlegum efnunum sem gætu valdið þeim eða öðrum varanlegum skaða,“ segir Anna Karen að lokum.

Skráning í naglakólann fer fram á [www.mskoli.is](http://www.mskoli.is) eða á [info@mskoli.is](mailto:info@mskoli.is). HGL



## Farsældarsáttmálinn í Vallaskóla

Opin, traust og jákvæð samskipti milli heimilis og skóla eru gífurlega mikilvæg þegar byggja á sterkan grunn fyrir farsæld barna. Það sem bætir við styrk þessa grunns eru góð samskipti á milli heimila því ef við foreldrar og forráðamenn erum að tala saman af virðingu og kurteisi verðum við börnum okkar jákvæð fyrirmynd þegar kemur að góðum

samskiptum og virkum sam-tölum.

Heimsfaraldur þvingaði okkur til að setja pásu á samtalið en nú er kominn tími til virkja það á ný og það ætlum við í Vallaskóla að gera laugardaginn 20. apríl með því að blása til málþings foreldrafélags Vallaskóla og búa okkur til samskiptasáttmála í öllum árgöngum.

Farsældarsáttmáli kemur frá

Heimili og skóla ( sjá á heimil-iogskoli.is ) eftir ákall foreldra og forráðamanna um allt land eftir virkara foreldrasamstarfi. Foreldrar og forráðamenn koma saman í málstofum eftir árgöngum og ræða málefni er varða velferð barna sinna og búa sér til sáttmála um með hvaða hætti þeir geta unnið sameiginlega að þeirri velferð.

**Dagskrá er eftirfarandi:**

Kl. 9:45 Morgunkaffibolli

Kl. 10 Kynning á vinnunni framundan

Kl. 10:15 Vinna í málstofum hefjst

Kl. 12 Hádegismatur

Kl. 12:45 Áframhaldandi vinna í málstofum

Kl. 14:00 Vinnu lýkur með undirrituðum sáttmálum

Það er von okkar að sem flest komi að þessu samtali svo það verði fjölbreytt og markvisst.

Nánari upplýsingar og hlekkur á skráningu má finna á heimasíðu skólans [vallaskoli.is](http://vallaskoli.is), á facebook síðu Vallaskóla og Facebook-síðu foreldrafélags Vallaskóla.

Hlökkum til að sjá ykkur, Stjórn foreldrafélags Vallaskóla



# Ljósritunarpappír



Hágæða Svansvottaður 80 gr. ljósritunarpappír  
úr sænskum nytjaskógum.

**Verð per kassa er 6.198 kr. með vsk.**  
**Veittur er góður magnafsláttur - Fáðu tilboð!**

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi  
og Akureyri ef pantaðir eru 10 kassar eða meira

Sími 482 1944 - [selfoss@prentmetoddi.is](mailto:selfoss@prentmetoddi.is)



Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. Jóhannesson, sótti tónleikana heim og tók þátt, ásamt formanni LP í að vígja inn nýja heiðursfélaga. Frá vinstri: Ágústa Ragnarsdóttir form. LP, Róbert A. Darling, Gestur Áskelsson, Sigríður Kjartansdóttir, Hermann G. Jónsson og Guðni Th. Jóhannesson.

Lúðrasveit Þorlákshafnar fagnaði 40 ára starfsafmæli með stórtónleikum

# „Viðbröggin voru alveg stórkostleg, það er ekkert flóknara en það“

Lúðrasveit Þorlákshafnar fagnaði 40 ára starfsafmæli sínu með stórtónleikum í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar síðasta laugardag. „Við höfðum sæti fyrir rúmlega 500 gesti og seldum upp! Þegar upp var staðið komust færri að en vildu. Það var stúfult upp í rjáfur í húsinu og þegar mest lét voru 100 manns á sviðinu að auki, svo í heildina voru yfir 600 manns á viðburðinum.“ segir Ágústa Ragnarsdóttir, formaður lúðrasveitar Þorlákshafnar í samtali við Dagskrána.

## Eins og í Bandaríkjunum á „Black Friday“

Ágústa segir andrúmsloftið á tónleikunum vægast sagt hafa verið magnað. „Húsið opnaði hálf tíma fyrir tónleika og þó nokkru áður var kominn röð langt út úr húsi. Við göntuðumst með að þegar hleypt var inn í salinn var þetta eins og sést hefur í sjónvarpi frá Bandaríkjunum á „Black Friday“ útsölu, fólk hljóp við fót til að tryggja sér óskasæti og meira en 20 mínútum fyrir tónleika var salurinn orðinn fullur og fólk beið með eftirvæntingu. Og það má segja að þetta rafmagnaða andrúms-

loft hafi haldið alla þrjá tímana sem veislan stóð yfir, stórkostlegar viðtökur.“

Þá segir hún ómögulegt að gera upp á milli atriða. „En til að gefa lesendum smá innsýn inn í nokkur augnablik þá má til dæmis nefna augnablikið þegar Karlakór Selfoss stóð óvænt upp, þá ennþá staddur úti í sal, og byrjaði að syngja viðlagið í Minning um mann sem Vigdís var að flytja, það magnaði upp spennuna sem leiddi svo í tver sunnlenskar sleggjur, Árnesþing og Brenni þið vitar. Jónas Sigmundsson með sínum einstaka hætti að snerta við öllum viðstöddum með fallegum hjartnæmum kynningum þar sem hann rifjaði upp gamla tíma í Þorlákshöfn. Þá var líka einstakur flutningur Vigdísar Hafliða ásamt Sigríði Kjartansdóttur og Tómasi Jónssyni á Lífsbókinni hennar Bergþóru Árnadóttur og síðast en ekki síst þá ætlaði þakið af kofanum í síðasta lagi lúðrasveitarinnar og Skítamóral, svokallaðri Skímósyrpu.“

## „Allt hjá öllum stóð eins og stafur á bók“

Ágústa segir skipulag hafa gengið mjög vel, lúðrasveitin

hafi verið eins og vel smurð vél að venju. „En svo höfðum við óvenju marga samstarfsaðila í þetta sinn, bæði sýnilega og á bak við tjöldin, og ég verð að hrósa þeim öllum sem einum fyrir frábært starf, allt hjá öllum stóð eins og stafur á bók. Það léttir virkilega flókið verk. Auðvitað koma alltaf einhverjar hindranir í svona umfangsmiklu skipulagi, jafnvel eitthvað sem maður hefði aldrei getað ímyndað sér fyrirfram þó hugmyndaflugið sé mikið og þá er að takast á við það... og það tókst. Viðbröggin voru alveg stórkostleg, það er ekkert flóknara en það. Maður hefði haldi að fólk væri orðið þreytt eftir um þrjár klukkustundir en það var ekki að sjá og heyra á viðbrögðunum á meðan tónleikunum varði sem og í lok þeirra.“

## Aldrei fengið önnur eins viðbrögð

Aðspurð um viðbrögð tónleikagesta eftir tónleikana segir hún þau hafa verið virkilega góð. „Þegar þessu er svarað eru tveir sólarhringar liðnir frá lokum tónleikanna og ég held ég hafi aldrei fengið jafn mikið af jákvæðum, sterkum og tilfinn-

ingaríku viðbrögðum, bæði á netinu en ekki síður í raunheimi við einhverju sem lúðrasveitin hefur gert og er það þó heldur betur hellingur. Það veitir ánægju og gerir svona mikla vinnu þess virði.“

Þá segir hún svona verkefni alltaf þjappa meðlimum lúðrasveitarinnar enn meira saman. „Lúðrasveitin er sérstakt fyrirbæri. Það er kannski klisjulegt að tala um eina stóra fjölskyldu en hún er það það, fullt af fólki sem er gríðar samstíga þó það geti haft ólíkar skoðanir á ákveðnum hlutum. Það er ótrúlegur kærleikur innan sveitarinnar.“

## Framkoma Vigdísar einstök

Aðspurð um sérstaka gesti eða uppkomur sem voru hluti af tónleikunum nefnir Ágústa sérstaklega Vigdís Hafliðadóttur, söngkonu, texta- og lagahöfund sem einnig var kynnir og hafði mjög stórt hlutverk. „Fyrir utan að syngja í hinu „hefðbundna“ prógrammi sá hún um að fara yfir tónlistarsögu á mjög svo frumlegan og skapandi hátt í tónum og tali ásamt Tómasi Jónssyni. Hvernig hún náði að flétta og tengja saman alla

þessa ólíku þætti á fagmarglegan, fallegan og myndinn máta var einstakt og gaf tónleikunum ákveðið heildaryfirbragð. Og svo verð ég auðvitað nefna að Lúðrasveitin varð þess heiðurs aðnjótandi að fá forseta Íslands, Hr. Guðna Th. Jóhannesson, í þessa veislu og veitti hann m.a. nýjum heiðursfélögum LP viðurkenningargripi fyrir störf í þágu sveitarinnar sl. 40 ár eða allt frá stofnun hennar.“

En hvað tekur við? „Nú verður einhver pásá í stóra samhenginu, búin að vera mikil keyrsla sl. vikur og mánuði. Vissulega eru alltaf einhverjar fastar uppkomur s.s. hátíðarhöld tengd 17. júní og bæjarhátíðinni auk annara viðburða sem poppa upp. Við settum upp örlitla sögu-sýningu á tónleikastaðnum sem spannaði þessi 40 starfsár lúðrasveitarinnar og mögulega ætluðum við að taka hana aðeins lengra, það eru hugmyndir að gerjast. Eins get ég næstum fullyrt að það hafi skapast nýr samstarfsflötur á tónleikunum sem verður tekinn lengra án þess að ég ljóstri einhverju upp. En lúðrasveitin er alltaf með háleitar hugsjónir.“



Stjórnandi sveitarinnar; Daði Þór Einarsson, stjórnaði allri veislunni með miklum myndarbrag.



Vigdís Hafliðadóttir fór algjörlega á kostum í öllum þeim hlutverkum sem hún var í.



Karlakór Selfoss fór á kostum og um skeið voru um 100 manns á sviði í gæsa húðarfutningi.



Lúðrasveitin er vel mönnum í öllum hljóðfærahópum, telur um 45 manns og hefur aldrei verið stærrí.



Jónas Sigurðsson hreyf allan salinn með fallegum frásögnum og flutning. Hér er hann ásamt Emilíu Hugrúnu Lárusdóttir söngkonu og saxófónleikara lúðrasveitarinnar og Guðna Finnssyni bassaleikara.



Þakið ætlaði að rifna af húsinu þegar Skítamórall mætti á svæðið.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli  
á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



## ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsalur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## TIL SÖLU

Til sölu nýir bogar  
Toppgrindarbogar og skiðafestingar til sölu. Uppl. í síma 894 0123.

## FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA  
FEBSEL

Opin fimmtudaginn  
18. apríl kl. 13:00-14:30

## OPIÐ HÚS

Fim. 18. apríl kl. 14:45.  
Ísólfur Gylfi Pálmason  
slær á léttu strengi.

Fim. 25. apríl  
Sumardagurinn fyrsti  
Opið hús fellur niður

## KIRKJA

Skálholtsdómkirkja  
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.  
Umsjón Bergþóra Ragnaarsdóttir  
djáknakandidat og sr. Axel Á  
Njarðvík. Organisti Jón Bjarna-  
son. Verið hjartanlega velkomin.

Hveragerðiskirkja  
Fermingarmessa kl. 11. Sr.  
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar,  
Kirkjukór Hveragerðis - og  
Kotstrandarsókna leiðir safnað-  
arsöng, organisti Miklós Dalmay.

## FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022 / 788 0300

AI-Anon Selfossi  
AI-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

AI-Anon  
AI-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi  
Polskie mitingi aa grupa krosus.  
Poniedziałek i czwartek i sobota  
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800  
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters anonymous alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

# Úthlutuðu 40,5 milljónum úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands

Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Suðurlands fór fram 9. apríl sl. Var þetta fyrri úthlutun sjóðsins af tveimur árið 2024. Umsóknir voru samtals 134, í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna bárust 45 umsóknir og 89 í flokki menningarverkefna.

Að þessu sinni var 40,5 m.kr. úthlutað, 18,3 m.kr. til 16 verkefna í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar og 22,2m.kr. til 50 verkefna í flokki menningar. Samtals eru veittir styrkir til 66 verkefna.

Hæstu styrkina í flokki menningarverkefna hlutu að þessu sinni Sinfóníuhljómsveit Suðurlands fyrir verkefnið Skólátónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2024 og Sumartónleikar í Skálholtskirkju fyrir verkefnið Sumartónleikar í Skálholti 2024 fá verkefnið hvort um sig styrk að upphæð 1 m.kr. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur tónleika fyrir nemendur í öllum 14 grunnskólum Árnessýslu og Rangárvallasýslu undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.



Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands. Ljósmynd: Aðsend.



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS

Meginverk tónleikanna er tónlistarævintýrið Pétur og úlfurinn eftir P. I. Tjækofski. Sumartónleikarnir í Skálholti verða haldnir í 49 skipti á þessu sumri. Margir frábærir listamenn koma fram á hátíðinni, og þar ber helst að nefna Arnheiði Eiríksdóttur, Báru Gísladóttur, Barrokkbandið Brák, Kordó kvartettinn, Benedikt Kristjánsson og Sergey Malov. Einnig verða fjölmörg ný verkefni fyrir börn og fjölskyldur, kantötumessur og útgáfutónleikar á hátíðinni.

Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar hlaut Steinholt ehf fyrir verkefnið Áburðaræfni sem miðja hringrásarhagkerfis á Suðurlandi styrk að upphæð 2,5 m.kr. Verkefnið snýr að frumrannsóknunum sem eru framkvæmdar á blöndun,

formun, geymslu- og dreifingaröryggis og öryggi áburðaræfna sem framleidd eru úr lífrænum úrgangi úr vaxandi laxeldisstarfsemi á Suðurlandi, steinefnaríkum bindandi og þurkuðum jarðleir úr botni gamla Hagavatns auk fínmöluðum Hekluvíkri með mikla ís og seiginleika. Auðlindir og úrgangsstraumar af Suðurlandi nýttir með hringrásarhagkerfi í forrúmi til að auðvelda framgang vöru sem styrkir virðisdeðu matvælaframleiðslu, skógræktar og landgræðslu á Íslandi.

Þá hlaut Dagný Hauksdóttir fyrir verkefnið Undirbúningur markvissrar nýtingar ölduorku við Suðurland styrk að upphæð 2 m.kr. Verkefnið snýst um að setja upp og reka nýja tækni ölduvirkjana í þeim tilgangi að tryggja samfélögum raforkuöryggi með ábyrgri nýtingu auðlindarinnar, uppbyggingu atvinnulífs og sátt við samfélagið að leiðarljósi. Verði að stórfelldri uppsetningu ölduorkubúnaðar er ljóst að mikil sköpun afleiddra starfa myndast sem leitat verður við að verði í heimabyggð. Á næstu mánuðum verður unnið að staðsetningarvali, hagkvæmnimati og greiningu umhverfisáhrifa vegna uppsetningar ölduvirkjana við Vestmannaeyjar.

## TÝND GÆLUDÝR



Góðan dag. Kötturinn okkar Anubis slapp út í Bergvík, Selfoss, sem er í nýja hverfinu í Jörvík. Þetta er alveg svartur kisi og er 16 ára gamall og er inniköttur. Hann er búinn að vera týndur síðan 5. apríl, líklegast í felum. Eg vil biðja ykkur um að ath bilskúr, geymslur og undirpöllum. Hann mjálmur mikið og svarar nafninu Kisi. Hann er ekki með ól en er örmerktur og geldur. Hans er sárt saknað. Ef þið sjáið til hans má hafa samband í síma 845 3786 eða reyna að ná honum með mat svo við gætum sótt hann.

## Svandís mætti sem „villiköttur“ í Vesturlandsdeildina

Svandís Atkien Sævarsdóttir úr hestamannafélaginu Sleipni mætti sem villiköttur í lokamót Vesturlandsdeildarinnar í Borganesi miðvikudagskvöldið en þá var keppt í tölti, en hvert lið má tjalda fram svokölluðum villiketti á eitthvað eitt mót í mótaráðinni. Lið Laxárhólts fékk Svandísi sem sinn villikött í lokamótið.

Svandís keppti á hryssu sinni Fjóður frá Hrísakoti en þau stóðu efst eftir forkeppnina með einkunina 7,17 og sigruðu



að lokum úrslitin með einkunina 7,28.

Hestamannafélagið Sleipnir

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is



SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ER

# Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is



Lið Hestvit/Árbakka. Ljósmynd: Eiðfaxi.

## Glódís Rún endaði í þriðja sæti í Meistaradeild Líflands

Lokakvöld Meistaradeildar Líflands í hestaíþróttum var haldin í HorseDay-höllinni á Ingólfshvoli föstudagskvöldið 12. apríl.

Á lokakvöldinu var keppt í tölti og skeiði og því nóg af stigum eftir í pottinum. Keppin var æsispennandi fram á síðustu stundu þar sem að það var Árni Björn Pálsson sem stóð uppi sem sigurvegari.

Sleipniskonan Glódís Rún

Sigurðardóttir, en hún stóð efst fyrir lokakvöldið sem haldið var, átti gott kvöld og endaði í þriðja sæti í einstaklingskeppninni en hún endaði í 6. sæti í töltinu á hesti sínum Breka frá Austurási með einkunina 8,06 og í 6. sæti í skeiðinu á Vinuáttu frá Árgerði með tímann 5,92 sek.

**Liðið Hestvit/Árbakki sigraði liðakeppninni en liðið skipa:**  
Fredrica Fagerlund

Jóhanna Margrét Snorradóttir Gústaf Ásgeir Hinriksson Glódís Rún Sigurðardóttir Pierre Sandsten Hoyos

**Stigin í einstaklingskeppninni**  
Árni Björn Pálsson 42 stig  
Gústaf Ásgeir Hinriksson 41,75  
Glódís Rún Sigurðardóttir 41,5  
Jakob Svavar Sigurðsson 41

Hestamannafélagið Sleipnir

## Bergrós krýnd drottning á Spáni

Selfyssingurinn og CrossFit undrabarnið Bergrós Björnsdóttir var krýnd drottning The Crown leikanna um páskahelgina, eftir fjögurra daga keppni á Mallorca á Spáni. Í The Crown keppast 6 stelpur og 6 strákar um krúnuna.

Krakkarnir eiga það sameiginlegt að koma frá Evrópu og skara framúr í CrossFit heiminum og af þremur Íslendingum sem kepptu, stóðu Bergrós og Bjarni Leifs Kjartansson uppi sem kóngur og drottning leikanna og endaði þriðji íslenski keppandinn, Rökkvi Guðnason, í fjórða sæti. Bergrós endaði með 22 stig, en hún var 8 stigum á undan þeirri sem lenti í öðru sæti. Hún vann fimm greinar af tíu og varð meðal þriggja efstu í öllum greinum nema tveimur.

Bergrós situr sömuleiðis í fyrsta sæti á heimslista í sínum aldursflokki eftir að hafa komið, séð og sigrað í fyrstu undankeppninni af þremur fyrir heimsleikana í CrossFit sem fram fara í Bandaríkjunum í lok ágúst og verður gaman að fylgjast með henni í næstu keppnum, en önnur undankeppnin, quarter finals hófst einmitt í gær. Bergrós keppir fyrir CrossFit Selfoss og fer keppnin fram á netinu. Það þýðir að engir keppendanna þurfa að leggja á sig ferðalag fyrir keppnina, heldur geta þau keppt á sínum heimastöðvum og eru æfing-



arnar teknar upp á nokkur tæki og sendar til dómnefndar. Heildarúrslit úr þeirri keppni verða gerð kunn þann 23. apríl og verður þá endanlega ljóst hvort hún verði ein af topp 30 unglingum í heimi til að komast upp í þriðju og síðustu undankeppnina, semifinals, þar sem ræðst hver komast inn á heimsleikana.



Gyða og Guðmunda. Ljósmynd: Sleipnir.

## Guðmunda og Gyða sigruðu fimmganginn

Í síðustu viku fór fram fimmgangur í Suðurlandsdeild SS á Hellu en þar skipa liðin áhugamönnum og atvinnuknöpum.

Í flokki áhugamanna sigraði Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir en hún stóð efst eftir forkeppni og hélt sínu striki í úrslitum og sigraði örugglega með einkunina 6,76.

Gyða og Guðmunda keppa báðar fyrir lið Hrafnshaga/Efsta-Dals II sem sigraði jafnframt liðakeppni kvöldins, en einungis er um liðakeppni að ræða í stigasöfnun yfir öll mótin.

Sigurðardóttir sigraði síðan atvinnumannaflokkinn á Esju frá Miðstíju en hún stóð einnig efst eftir forkeppnina og hélt sínu striki í úrslitum og sigraði örugglega með einkunina 6,76.

Gyða og Guðmunda keppa báðar fyrir lið Hrafnshaga/Efsta-Dals II sem sigraði jafnframt liðakeppni kvöldins, en einungis er um liðakeppni að ræða í stigasöfnun yfir öll mótin.

Hestamannafélagið Sleipnir

## Védís Huld sigraði Meistaradeild Ungmenna

Laugardaginn 6. apríl sigraði Védís Huld Sigurðardóttir úr hestamannafélaginu Sleipni Meistaradeild ungmenna sem haldin var í HorseDay höllinni á Ingólfshvoli.

Á síðasta mótinu var keppt í tölti T1 og 100 m skeiði.

Védís Huld keppti á hestinum Ísak frá Þjórsárþakka en þau stóðu efst eftir forkeppni

með 7,43 í einkunn og sigruðu þau æsispennandi úrslitin með 7,94 í aðaleinkunn.

Þar með sigraði Védís Huld einstaklingskeppnina með 40 stig en á eftir henni voru Matthías Sigurðsson með 39 stig - æsispennandi keppni fram á síðustu stundu.

Hestamannafélagið Sleipnir





Guðni Th. Jóhannesson og Marín Laufey Davíðsdóttir. Ljósmyndir: Antanas Šakinis.

## Marín Laufey glímudrottning Íslands í sjötta sinn

113. Íslandsglíman fór fram á Laugarvatni sl. laugardag og var þetta í fyrsta sinn sem Íslandsglíman fer fram á Laugarvatni. Í ár var keppt um Grettisbeltið í 113. skiptið og keppni um Freyjumenið var haldin í 24. sinn. Hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands var heiðursgestur og afhenti verðlaun að keppni lokinni.

10 keppendur voru skráðir til leiks í keppni um Grettisbeltið og nýu luku keppni, þar af voru þrír keppendur frá HSK. Fjórar konur glímdu um Freyjumenið og þar átti HSK einn keppanda.

Marín Laufey Davíðsdóttir úr HSK og keppandi Umf. Þjótanda mætti sterk til leiks og vann allar sínar glímur örugglega og vann þar með Freyjumenið í sjötta sinn. Hún er þar með orðin sigursælasti keppandi Íslandsglímunnar í kvennaflokki frá upphafi, ásamt Svönu Hrönn Jóhannsdóttur. Marín Laufey vann einnig Fegurðarverðlaun Íslandsglímu kvenna og hlaut að launum farandgripinn Rósina sem veitt er til þess keppanda sem þótti glíma best að mati þriggja manna dómnefndar. Þess má geta að Marín hefur unnið Rósina í öll sjö skiptin sem hún hefur tekið þátt í Íslandsglímuni.

Sem fyrr segir tóku þrír keppendur frá HSK þátt í keppninni um Grettisbeltið. Þeir voru allir að keppa á Íslandsglímu í fyrsta skipti. Það hefur þrisvar sinnum gerst að HSK hafi átt svo marga keppendur um Grettisbeltið, en þrír keppendur frá HSK tóku þátt árin 1969, 1970 og 2002. Hreinn Heiðar Jóhannsson úr Umf. Laugdæla, sem tók í vetur fram glímubeltið eftir 10 ára hlé

og varð á dögnum Skjaldarhafi Skarphéðins, hlaut fimm vinninga og varð í fjórða sæti. Tungnamennirnir Gústaf Sæland og Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson voru með þrjá vinninga og enduðu í 5.-6. sæti.

Þórður Páll Ólafsson úr UÍA varð glímukóngur Íslands í fyrsta sinn og er hann sá 38. í röðinni frá upphafi til að hljóta þann sæmdartitil.

Við upphaf Íslandsglímunnar heiðraði Glímusamband Íslands

þrjá einstaklinga fyrir þeirra ómetanlegu sjálfbóðaliðsstörf fyrir glímuna til áratuga og koma þeir allir frá HSK. Kristinn Guðnason á Þverlæk varð gerður að heiðursfélaga Glímusambandsins. Í 59 ára sögu GLÍ hafa nú 18 einstaklingar hlotið þessa viðurkenningu. Grímsnesingurinn Ólafur Oddur Sigurðsson, búsettur á Selfossi og Stefán Geirsson í Gerðum voru sæmdir gullmerki GLÍ. HSK



### PÚLSINN

Raf & kælipjónusta

Sími: 760-5670  
pulsinn@pulsinn.com

Kæli & Frystikerfi

- Viðgerðir
- Þjónusta
- Nýsmíði
- Rafmagn

### Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /  
Sjálfskiptur bíll



Bílasprautun- / Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Þar sem  
þagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

BRAGA AF  
VINATTU!

Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**800**

LAGNIR

ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**HP**

HREINGERINGA-  
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar  
Steiteppahreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

*Þreint um allt Suðurland*

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyirn.is

**NÝTT**

Vinnuvélanámskeið  
á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

*Sprettur*  
ÁBURÐUR

**Skeljungur**  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**HSH**

Þrif og flutningar ehf  
Breiðumýri 3 Selfossi  
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,  
ræstingar, þrif og  
flutningarþjónusta  
Uppl. í síma 792-1727 eða  
hshflutningar@gmail.com

*HSH*

**VÉLSMÍÐJA**  
SUÐURLANDS ehf  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980